

Menningar,- íþróttá- og tómsunduraráð, MÍT
og
Keflavík, íþróttá- og ungmennafélag
gera með sér eftirfarandi
SAMNING

1. grein.

Í samningi þessum er kveðið á um greiðsluþátttöku Reykjanesbæjar vegna reksturs félagsheimils Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags að Hringbraut 108 í Reykjanesbæ. Haft er til hliðsjónar sambærilegur samningur /samkomulag við aðalstjórn UMFN vegna félagsaðstöðu í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur.

2. grein.

Samkvæmt samantekt framkvæmdastjóra Keflavíkur var kostnaður við rekstur Hringbrautar 108 árið 2004 kr. 1.400.000.-

Í þessari upphæð er m.a. tryggingar húsnæðis, rafmagn og hiti, þjófá- og brunavarnarkerfi, ræsting og hreinlætisvörur.

3. grein.

Reykjanesbær greiðir samkvæmt samningi þessum **kr. 1.500.000.-**

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2007 skal m.a. tekið mið af rekstrarkostnaði ársins 2006, notkun Reykjanesbæjar á húsinu á árinu (sbr. 4.grein) og með tilliti til hugmynda félagsins og Reykjanesbæjar um endurskipulagningu íþróttasvæðisins við Hringbraut.

4. grein.

Samkvæmt samningi þessum fær Reykjanesbær afnot af fundarsölum Hringbrautar 108 í samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Þanta skal fundarsalinn með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

5. grein.

Samningur þessi gildir frá undirskrift og til 31. desember 2006, en er uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins mánaðar fyrirvara.

6. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða afrit, sitt handa hvorum samningsaðila.

Reykjanesbæ _____ 2006

F.h. Reykjanesbæjar

F.h. Keflavíkur
